



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

FÉLA2ES05

Kennari	Andri Sigurðsson, andri.sigurdsson@fss.is Bogi Ragnarsson, bogi.ragnarsson@fss.is moodle.fss.is – stafbok.is – verkefnabok.is	
Viðtalstími	Miðvikudagur 10:25 – 11:05 (Bogi) Föstudagur 9:10 – 9:50 (Andri)	
Námsefni	Bogi Ragnarsson. (2025). <i>Inngangur að félagsfræði: Grunnurinn að skilningi á samfélaginu</i> . Stafbók. Bogi Ragnarsson. (2026). <i>Félagsvísindi á hvíta tjaldinu: Kvikmyndir sem kennsludæmi</i> . Stafbók. Nemendur nálgast bækurnar á síðunni stafbok.is.	
Áfangalýsing	Í áfanganum verður farið í grundvallarþætti félagsfræðinnar eins og rannsóknir, kenningar, kynhlutverk, samskipti, menningu, fjölskylduna, tengsl einstaklings og samfélags, fjölmiðla frávík, afbrot lagskiptingu stjórnmal og margt annað. Nemendur leysa verkefni úr verkefnabók með fjölbreyttum stafrænum verkefnum, lotupróf, rökræður, nemendur halda kynningar, skila verkefnabók, vinna heimasíðugreiningar og myndbandagreiningar. Kennslufyrirkomulag verður í formi fyrirlestra, kynninga, verkefnavinnu og umræðutíma. Áfangalýsingu og tenging bókarinnar við háskólanám má finna á vefsvæðinu stafbok.is.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er próflaus en nemendur þurfa að hlaða niður læstum vafra fyrir sum verkefni. Til að ná áfanga þarf að ná 4.5 í vinnueinkunn á önninni. Athugið að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvistarinnar er (veikindi, þar með talin vottorð, leyfi eða annað).	
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	1. kafli – Hvað er félagsfræði	6%
	2. kafli – Frumkvöðlar og siðferðisleg álitamál	7%
	3. kafli – Félagsfræðilegar rannsóknaraðferðir	7%
	4. kafli – Samfélag	7%
	5. kafli – Einstaklingurinn í samfélaginu	7%
	9. kafli – Englar alheimsins	5%
	6. kafli – Menning	6%
	7. kafli – Fjölskyldan	7%
	1. kafli – Bjarnfreðarson	6%
	8. kafli – Baksvið fjölskyldunnar	7%
	6. kafli – Enough	5%
	10. kafli – Stjúptengsl	6%
	11. kafli – Fátækt og félagsleg staða	7%

4. kafli – The Pursuit of Happyness	5%
14. kafli – Kyn og kyngervi	6%
15. kafli – Stjórnsmál	6%
Samtals:	100%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt er að lesa fyrir hvern kafla. Lestrarkönnun er í fyrsta tíma áður en að kennsla hvers kafla hefst.
--	--

Grunnpættir menntunar	Grunnpættir menntunar í áfanganum Grunnpættir menntunar fléttast inn í efnistöð, verkefnavinnu og námsmat áfangans. Læsi: Nemendur lesa fræðilega texta, túlka félagsfræðileg hugtök og kenningar og beita þeim við greiningu á samfélaginu. Þeir þjálfast í upplýsingalæsi, röksemdafærslu og að setja fram niðurstöður í ræðu og riti. Kvikmyndir eru einnig greindar sem spegill á samfélagið. Sjálfbærni: Fjallað er um samfélagsgerð, félagslegan ójöfnuð, fátækt, fjölskyldur og stöðu einstaklinga í samfélaginu. Nemendur skoða hvernig samfélagslegar ákvarðanir og stofnanir geta haft áhrif á lífsgæði, jöfnuð og þróun samfélagsins til lengri tíma. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur fjalla um stjórnsmál, vald, félagslega þátttöku, jaðarsetningu og stöðu ólíkra samfélagshópa. Þeir þjálfast í að ræða álitamál á málefnalegan hátt, hlusta á ólík sjónarmið og byggja afstöðu sína á þekkingu og rökum. Jafnrétti: Í áfanganum er fjallað um kyn og kyngervi, fjölskylduform, sambúðarform, stjúp tengsl, fátækt og jaðarhópa. Nemendur greina hvernig félagsleg staða, viðmið og mismunur geta mótað tækifæri fólks og stöðu þess í samfélaginu. Heilbrigði og velferð: Nemendur skoða tengsl félagslegra aðstæðna, fjölskyldu, tengsla, fátæktar og jaðarsetningar við líðan og velferð einstaklinga. Í greiningu kvikmynda á borð við <i>Engla alheimsins</i>, <i>Enough</i> og <i>The Pursuit of Happyness</i> er fjallað um geðheilbrigði, ofbeldi, óöryggi og félagslegar hindranir. Sköpun og nýsköpun: Nemendur beita félagsfræðilegum hugtökum og kenningum á raunveruleg dæmi og kvikmyndir, móta eigin rannsóknarspurningar og leita skýringa á samfélagslegum fyrirbærum. Fjölbreytt verkefni hvetja til sjálfstæðrar hugsunar, skapandi framsetningar og nýrra sjónarhorna á samfélagið.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Helstu rannsóknaraðferðum sem notaðar eru í félagsfræði • Helstu hugtökum sem greinin notar • Félagsfræðilegum hugsunarhætti • Þáttum eins og menningu kenningum, rannsóknum, samskiptum, samfélögum, fjölskyldunni, frávikum, misskiptingu, stjórnmálum, kynhlutverkum, hvað viðheldur stöðugleika í samfélaginu og hvernig við erum afsprengi félagslegra afla sem móta hegðun okkar og viðhorf samhliða því að hafa sjálfstæðan vilja.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Greina sitt félagslega umhverfi • Skilja hvernig margir þættir í daglegu lífi sem við tökum sem sjálfgefnum þurfi ekki að vera það • Gera sér grein fyrir því að með félagsfræðilegri hugsun getur nemandinn brotist út úr hefðbundinni hegðun • Tileinka sér aðferðirnar geti nemandinn túlkað og skilið samfélagið á ítarlegri hátt en áður • Skilja og túlka tölfræðileg gögn af helstu tölfræðivefsvæðum. Á það bæði við um innlend og erlend vefsvæði.
	
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Nota þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér við að taka sjálfstæðar ákvarðanir í sínu félagslega umhverfi. • Nemandinn á að geta horft á viðfangsefni frá mörgum sjónarhornum og eigi auðveldara með að setja sig í spor annara. • Sköpunarmáttur nemandans á jafnframt að aukast með auknum félagslegum skilningi og siðferðisvitund hans einnig. • Nemandinn á að gera sér grein fyrir aukinni þekkingu og þannig að öðlast aukið sjálfstraust í athöfnum daglegs lífs. • Nota þá almennu og tölfræðilegu þekkingu sem hann hefur lært að skilja og greina til að setja fram rökfærslu byggða á gögnum.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn og verkefnabók	16 vikur x 4 klst .	64 klst.
Undirbúningur f. verkefni	10 x 1 klst.	10 klst.
Undirbúningur f. rökræður	1 x 3 klst.	3 klst.
Próf	4 x 4 klst.	16 klst.
Hópaverkefni	15 x 1 klst.	15 klst.
Heimasíðugreiningar	1 x 5 klst.	5klst.
Myndbandagreiningar	1 x 5 klst	5 klst.
Alls		118 klst = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	1. kafli - Hvað er félagsfræði	Sjá moodle
2. vika 24.-28. ágúst	2. kafli - Frumkvöðlar og siðferðileg álitamál	Sjá moodle
3. vika 31. ágúst-4. september	3. kafli - Félagsfræðilegar rannsóknaraðferðir	Sjá moodle
4. vika 7.-11. september	4. kafli - Samfélag	Sjá moodle
5. vika 14.-18. september	5. kafli - Einstaklingurinn í samfélaginu	Sjá moodle
6. vika 21.-25. september	6. kafli - Menning	Sjá moodle
7. vika 28. september-2. október	7. kafli - Fjölskyldan	Sjá moodle
8. vika 5.-9. október	8. kafli - Baksvið fjölskyldunnar	Sjá moodle
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	8. kafli - Baksvið fjölskyldunnar	Sjá moodle
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	9. kafli - Sambúðarform og jaðarhópar	Sjá moodle
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	10. kafli - Stjúptengsl	Sjá moodle
12. vika 2.-6. nóvember	11. kafli - Fátækt og félagsleg staða	Sjá moodle
13. vika 9.-13. nóvember	12. kafli - Frávik og félagsleg völd	Sjá moodle
14. vika 16.-20. nóvember	13. kafli - Afbrotafræði	Sjá moodle
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	14. kafli - Kyn og kyngervi	Sjá moodle
16. vika 30. nóvember-4. desember	15. kafli - Stjórnsmál	Sjá moodle

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Andri Sigurðsson og Bogi Ragnarsson